



Hreppsnefnd 11.12.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 11. des. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 11. des. 2002 kl. 17.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Sigurveig Róbetsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Björn H. Sigurbjörnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Á fundinn voru mættir fulltrúar Vegagerðar ríkisins, Einar Þorvarðarson, Gunnar Jóhannsson. Gerðu þeir grein fyrir hugmyndum vegagerðarinnar um tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg eitt. Hugmyndir þessar hafa verið í vinnslu hjá Vegagerðinni um nokkurt skeið. Tvær megin leiðir eru til skoðunar annars vegar leiðin niður og út með Hofsa, sem tengist núverandi vegi við Teig og hins vegar leiðin út og niður í Vesturárdal meðfram Urðarfjalli og yfir Hofsháls og þar mundi hann tengjast núverandi vegi við Hof. Mikil umræða varð og lögðu hreppsnefndarmenn fram fyrirspurnir um fyrirhugaðar framkvæmdir og kostnað við þær. Fram kom að kostnaður er áætlaður 1.350 m. kr. fyrir leiðina út með Hofsa og 900 m. kr. fyrir leiðina niður í Vesturárdal. Fulltrúar vegagerðarinnar svöruðu öðrum fyrirspurnum og sögðust vonast til þess að það yrðu gagnlegar umræður á auglýstum kynningarfundi um kvöldið.

Oddviti þakkaði fulltrúunum komuna og viku þeir síðan af fundi.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 25. nóv. sl.

Fundargerðin síðan lögð fram og var samþykkt samhljóða eftir smávægilegar fyrirspurnir

2. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 11., 21. og 28. nóv. sl. Fundargerðirnar lagðar fram og ræddar.

3. mál. Jarðhitaleit í Selárdal, umsókn um viðbótarstyrk.

Lögð fram umsókn til Orkustofnunar um viðbótarstyrk til jarðhitaleitar, ásamt meðfylgjandi línuriti er sýnir 46,2 gráðu hita í holu nr. 35 við 330 m dýpi. Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir málinu og varð nokkur umræða um jarðhitaleitina.

Hreppsnefnd samþykkir að sækja um viðbótarstyrk og halda leit áfram.

4. mál. Álagningarprósenta útsvars fyrir tekjuárið 2003

Lagt fram bréf dags. 28. nóv. sl., frá Sambandi Ísl. Sveitarfélaga, þar sem minnt er á að tilkynna þarf álagningarprósentu útsvars fyrir tekjuárið 2003 til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. des. nk.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að álagt útsvar á Vopnafirði tekjuárið 2003 verði 13,03 % af útsvarsstofni.”

Nokkrar umræður urðu um tillöguna og lagði Björn Halldórsson fram svofellda bókun:

“Undirritaður undrast þau vinnubrögð meirihlutas að ganga frá útsvarshlutfalli áður en rekstraráætlun liggur fyrir. Slík vinnubrögð benda ekki til faglegra vinnubragða.

Björn Halldórsson (sign)

Síðan var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögu meirihluta hreppsnefndar um álagningu útsvars.

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Umsagnir umsagnaraðila um matsskyldu brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma. Lagðar fram umsagnir frá Náttúruvernd ríkisins frá 27. nóv. sl., Hollustuvernd ríkisins frá 4. des. sl. og Heilbrigðiseftirliti Austurlands 2. des. sl. Jafnframt lagt fram svarbréf Vopnafjarðarhrepps til Skipulagsstofnunar en stofnunin hafði óskað eftir því að Vopnfjarðarhreppur gerði grein fyrir athugasemdum ef einhverjar væru í fyrirbyggjandi umsögnum. Vænta má niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu 19. des. nk. Lagt fram til kynningar.

6. mál. Skipting byggðakvóta milli landssvæða
Lagt fram yfirlit um skiptingu kvótans milli landssvæða. Jafnframt lagt fram yfirlit er sýnir hverjar forsendur eru að baki skiptingarinnar. Sækja þarf sérstaklega um úthlutun eftir svæðum og þarf umsókn að hafa borist eigi síðar en 16. des. 2002. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að sækja um byggðakvóta til að auka hráefni til vinnslu í heimabyggð.

7. mál. Fjárveitingar á fjárlögum 2003, tengdar Vopnafirði
Lagðar fram upplýsingar úr fjárlögum ársins 2003. Þar kemur fram að fjárveiting til Kaupvangs er 7 m.kr. á næsta ári. og ríkisframlag til brimvarnargerðar er 102,4 m.kr., sem er 75 % framlag. Hafnarsjóður mun fjármagna 25 % til viðbótar. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.